

Umhverfissráðuneytið  
Danfríður K. Skarphéðinsdóttir  
Skuggasund 1  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 09. maí 2011  
2011040025/42-8  
TB/SE  
jgo/tb

### Rannsóknarleyfi í fjallinu Keis Kerlingarfjöllum, umsögn

Vísað er til bréfs frá umhverfissráðuneytinu, dags. 19. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Fannborgar ehf. um leyfi til rannsókna á jarðhita í fjallinu Keis Kerlingarfjöllum.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að framangreint rannsóknaleyfi verið veitt eins og því er lýst í erindinu í kafla 6.0 Rannsóknaráætlun en þar segir: *Eingöngu er verið að kanna hvort hægt er að ná vatni á þessum afmarkaða bletti, sem er nægilega heitt og í nægilegu magni til að hita hús Fannborgar, en áætlun hitaþörf er nokkuð innan við 100 KW. Í erindinu er ekki fjallað, nema að mjög takmörkuðu leyti, um áhrif sem kunna að verða á náttúru svæðisins ef af nýtingu verður. Afstaða Náttúrufræðistofnunar til erindisins á því eingöngu við rannsóknarleyfið en ekki til hugsanlegra umhverfisáhrifa. Náttúrufræðistofnun telur að í rannsóknaleyfi eigi að setja skilyrði um frágang eftir að rannsóknnum líkur og að öllu raski sé haldið á lágmarki.*

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

